

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2025, fimmtudaginn 24. júlí var haldinn 170. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Björn Gíslason og Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns. Kristinn Jón Ólafsson og Stefán Pálsson sátu fundinn í fundarsal. Þá sat Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, starfsmaður borgarlögmanns fundinn með fjarfundarbúnaði. Fundarritari var Hallgrímur Tómasson

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 15. júlí 2025, merkt ÞON25070035, þar sem lagt er til að gengi verði að tilboði ION Ráðgjafar ehf. í útboði nr. 16149 – Öryggishönnuður upplýsingatækniinnviða. Samþykkt.

Sæþór Fannberg Sæþórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram erindi fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. júlí 2025, merkt FAS25020043, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboðum lægstbjóðenda í hvern hluta Sýrusson hönnunarhús ehf. í hlutum 2, 4 húsgögn A og 6 og Egilsson ehf. í hluta 4 húsgögn B, í EES útboði nr. 16106– Endurnýjun skrifstofurýmis FAS. Samþykkt.

Lilja Ástudóttir og Þórhildur Ósk Halldórsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:26

Kristinn Jón Ólafsson

Stefán Pálsson
Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns
Björn Gíslason